

## 39. fundur stjórnar Bláskógaveitu 8. desember 2010 kl. 13:30.

Mættir: Jóhannes Sveinbjörnsson, Kjartan Lárússon og Þórarinn Þorfinnsson stjórnarmenn Bláskógaveitu, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, Margeir Ingólfsson fráfarandi framkvæmdastjóri veitnanna (sat fundinn undir 1.-3. lið) og Benedikt Skúlason veitustjóri.

### 1. Staða innheimtumála o.fl.

Margeir hefur unnið dagleg störf frá þeim tíma sem hann hætti hjá veitunni, en sent áfram til Jóhannesar það sem tilheyrir framtíðinni. Búið er að senda reikninga fyrir tengigjöldum á Syðri-Reykjum. Búið að senda reikninga fyrir tengigjöldum fyrir heitt vatn í Miðdalskot og Laugardalshóla og bústaði. Ógreiddar útistandandi kröfur hjá veitunni hafa lækkað úr 19 millj. í 10 millj., hluti af því er vegna tapaðra krafna. Veitustjórn þakkar Margeiri fyrir vel unnin störf fyrir Bláskógaveitu.

### 2. Ákvörðun um gjaldskrá Bláskógaveitu 2011.

Samþykkt er að gjaldskrá Bláskógaveitu hækki sem hér segir: á veitusvæði gömlu Biskupstungnaveitu hækkar gjaldið um 3%, og á fyrrum veitusvæði hitaveitu Laugarvatns hækkar gjaldið um 1,5%. Í samræmi við ákvörðun stjórnar Bláskógaveitu 9.12 2009 er stefnt að því að samræmingu gjaldskrár verði lokið 1. jan. 2012.

### 3. Fjárhagsáætlun 2011.

Rædd voru drög að fjárhagsáætlun Bláskógaveitu fyrir árið 2011.

### 4. Framkvæmdir síðustu vikna

Lagt heitt vatn í Miðdalskot og Laugardalshóla, unnið við hitaveitu Iðu, skipt um inntaksloka í Kistuholti, gert við bilun í Lindarskógum ásamt ýmsum öðrum bilunum. 18. nóv. var hleypt vatni á Laugardalshóla. Búið er að kaupa efni vegna endurnýjunar heimlagna að Snorrastöðum og Hjálmsstöðum og verður farið í þá framkvæmd þegar tíðarfar leyfir.

### 5. Reykjavellir

Fyrir liggur viljayfirlýsing frá rúmlega 20 af um 28 sumarhúsaeigendum í Stakkholti og Vallarholti í landi Reykjavalla um kaup á heitu og köldu vatni af Bláskógaveitu. Vilji er fyrir því hjá þessum aðilum að Bláskógaveita taki alfarið við veiturekstri á svæðinu. Ákveðið að vinna málið áfram varðandi kalda vatnið, en ljóst er að forsenda fyrir sölu á heitu vatni inn á svæðið er að vatnsöflun sé tryggð í Reykholti.

### 6. Starfsmannamál Bláskógaveitu.

Ákveðið að auglýsa eftir starfsmanni fyrir Bláskógaveitu. Stjórn mun vinna að skilgreiningu starfsins og auglýsingu í framhaldi af því í samvinnu við veitustjóra, sveitarstjóra og fráfarandi framkvæmdastjóra veitunnar.

### 7. Önnur mál

Rætt um heitt vatn á Laugarvatni, skiptingu milli ríkis og sveitarfélagsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.30

Jóhannes Sveinbjörnsson  
Benedikt Skúlason  
Kjartan Lárússon

Þórarinn Þorfinnsson